

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn Hollustuháttaráðs, sbr. 17. gr. áðurnefndra laga, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 648/1996 með sama heiti.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 13. apríl 2000.***Siv Friðleifsdóttir.***Magnús Jóhannesson.***AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selfjall í landi Haga, Holta- og Landsveit.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Holta- og Landsveitar þann 6. september 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selfjall í landi Haga, dagsett 10. júní 1992. Breytingin nær til lóðar númer 1 og felst í að lóð stækkar úr 6400 m<sup>2</sup> í 10050 m<sup>2</sup>.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 10. júní 1992.

*Holta- og Landsveit, 18. apríl 2000.*

Sveitarstjóri Holta- og Landsveitar,

**Valtýr Valtýsson.****REGLUGERÐ****um skólareglur í grunnskóla.**

1. gr.

Nemendur á skólaskyldualdri skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

2. gr.

Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samþyrgð allra í skólasamfélaginu.